

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Össuri Skarphéðinssyni um áhrif húsnæðisskuldalækkana á viðskiptaafgang.

1. *Um hve háa fjárhæð í krónum talið er áliðið að viðskiptajöfnuður muni versna árlega að meðaltali á næstu fimm árum vegna aukins innflutnings í kjölfar lækkunar húsnæðis-skulda samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar?*
2. *Hve miklu má ætla að afborganir erlendra lána í krónum talið nemi umfram viðskipta-afgang á árunum 2014–2018 miðað við að viðskiptajöfnuður verði á næstu árum 3,5%, þ.e. jafn meðaltali síðustu priggja ára?*

Seðlabanki Íslands hefur greint greiðslujöfnuð þjóðarinnar ítarlega síðustu missiri og hefur skoðað áhrif aðgerða ríkisstjórnarinnar til lækkunar verðtryggðra skulda heimila (sbr. þingskjal 836 – 484. mál og þingskjal 837 – 485. mál) á greiðslujöfnuðinn. Í ljósi þess óskaði fjármála- og efnahagsráðuneytið eftir svörum bankans við fyrirspurninni. Svar bankans við 1. og 2. tölul. er birt með svari þessu sem fylgiskjal.

3. *Í ljósi svara við 1. og 2. tölul., hver eru áhrif tillagna frumvarpsins á getu Íslands til að standa við erlendar greiðsluskuldbindingar á næstu fimm árum?*

Aðgerðir sem örva einkaneyslu hafa neikvæð áhrif á viðskiptajöfnuð að öðru óbreyttu, en aðgerðir til lækkunar verðtryggðra skulda heimilanna hafa jákvæð auðsáhrif á heimili og lækka greiðslubyrði. Bætt staða heimilanna örvar þjóðarútgjöld á grundvelli aukinnar einkaneyslu. Líkur eru aftur á móti á því að landsframleiðslan aukist minna vegna þess hve stór hluti þjóðarútgjaldanna leiðir til aukins innflutnings sem að öðru óbreyttu leiðir til minni viðskiptaafgangs. Áhrif aðgerðanna eru ákveðinni óvissu háð, en séreignarsparnaðarleiðin vegur á móti áhrifum lækkunar höfuðstóls verðtryggðra lána þar sem hún hvetur til aukins sparnaðar heimila. Stjórnvöld geta auk þess gripið til hagstjórnarlegra áhrifa til þess að draga úr neikvæðum áhrifum aðgerðanna á getu Íslands til þess að standa við erlendar greiðsluskuldbindingar sína. Við aðstæður sem þessar skiptir ekki síst máli að fjármál hins opinbera séu rekin af ábyrgð, en styrk stjórn opinberra fjármála ýtir undir þjóðhagslegan sparnað. Þannig verði þjóðhagsleg áhrif aðgerða til lækkunar skulda heimilanna jákvæðari og birtist aðeins að litlu leyti í neikvæðum áhrifum á greiðslujöfnuð þjóðarbúsins.

Fylgiskjal.

Minnisblað Seðlabanka Íslands. (8. maí 2014.)



8. maí 2014
1404090

Minnisblað

Efni: Skrifleg fyrirspurn um áhrif húsnæðisskuldalækkana á viðskiptaafgang

Fjármála- og efnahagsráðuneytið óskaði eftir aðstoð Seðlabankans við að svara fyrirspurn sem fjármála- og efnahagsráðherra barst frá Össuri Skarphéðinssyni alþingismanni.

Pingmaðurinn spurði:

- Um hve háa fjárhæð í krónum talið er áliðið að viðskiptajöfnuður muni versna árlega að meðaltali á næstu fimm árum vegna aukins innflutnings í kjölfar laekkunar húsnæðisskulta samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar?
- Hva miklu má ætla að afborganir erlendra lána í krónum talið nemi umfram viðskiptaafgang á árunum 2014-2018 miðað við að viðskiptajöfnuður verði á næstu árum 3,5% þ.e. jafn meðaltali síðustu þriggja ára?
- Í ljósi svara við 1. og 2. tölul., hver eru áhrif tillagna frumvarpsins á getu Íslands til að standa við erlendar greiðsluskuldbindingar á næstu fimm árum?

Í viðauka 2 í *Peningamálum* 2014/1 er lagt mat á þjóðhagsleg áhrif skuldalækkunaraðgerðar stjórnvalda og í *Fjármálastöðugleika* 2014/1 kemur fram ákvæðið mat að þeim þáttum sem fyrirspurn þingmannsins nær til (bls.6):

„Samkvæmt spá bankans mun innflutningur aukast í kjölfar skuldalækkunarinnar og viðskiptajöfnuður versna vegna þessa um sem nemur 1% af landsframleiðslu á ári sem jafngildir um 100 ma.kr. á næstu fimm árum. Ef hins vegar er gert ráð fyrir að viðskiptajöfnuður verði á næstu árum jafn meðaltali síðustu þriggja ára, þ.e.a.s. 3,5% af landsframleiðslu, eru afborganir erlendra lána um 100 ma.kr. umfram viðskiptaafgang á árunum 2014 til 2018. Nauðsynlegt er að viðhalda myndarlegum afgangi af utanríkisviðskiptum á næstu árum til þess að standa undir þungri greiðslubýrði. Til að ná því markmiði þarf þjóðhagslegur sparnaður að vera svipaður og á síðasta ári og aukast síðan samfara aukinni fjárfestingu. Auk þess þarf að lengja í erlendri fjármögnum innlendra aðila og vegur skuld Landsbankans við LBI þar þyngst. Slikar aðgerðir myndu draga verulega úr dhættu tengdri greiðslujöfnuði þjóðarþúðins og liðka fyrir losun fjármagnshafsta.“

Niðurstöður í áðurnefndum viðauka 2 í *Peningamálum* 2014/1 varðandi viðskiptajöfnuð eru settar fram sem hlutfall af landsframleiðslu. Til að svara spurningu þingmannsins þarf að breyta þeim tölum í krónur. Þá þarf að leggja fyrir tölur um landsframleiðslu út tímabilið. Tímabilið sem beðið er um nær hins vegar út fyrir spáttima Seðlabanka Íslands (sem nú er til ársins 2016). Sé

SEÐLABANKI ÍSLANDS

spá Seðlabankans notuð fram til ársins 2016 (sjá *Peningamál* 2014/1) og síðangert ráð fyrir ákveðnum meðalvexti nafnvirðis landsframleðslu árin tvö á eftir þá fast eftirfarandi niðurstaða í krónum::

1. Viðskiptajöfnuður gæti að öðru óbreyttu versnað sem nemur um 125 ma.kr. á næstu fimm árum (2014-2018). Í viðauka 2 í *Peningamálum* eru einnig metin tvö fráviksdæmi á áhrifum skuldaniðurfellingarinnar og ef litið er til þess eru neðri mörkin um 100 ma.kr. lægri viðskiptajöfnuður yfir tímabilið en efri mörkin um 150 ma.kr. Uppfærð spá fyrir árin 2014-2016 verður síðan birt í *Peningamálum* 2014/2 21. maí nk.
2. Samkvæmt Fjármálastöðugleika 2014/1 nema afborganir erlendra lána annarra aðila en ríkis og Seðlabanka um 185 ma.kr. umfram undirliggjandi viðskiptajöfnuð yrði hann 3,5% af VLF árlega á árunum 2014-2018. Ef tekið er mið af því að búið er að safna fyrir umtalsverðum afborganum á næstu árum eru erlendar ófjármagnaðar afborganir annarra aðila en ríkis og Seðlabanka á árunum 2014-2018 um 95 ma.kr. umfram undirliggjandi viðskiptajöfnuð yrði hann að 3,5% af VLF árlega eins og lagt er út frá í fyrirspurn þingmannsins.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Þórirn G. Pétursson
aðalhagfræðingur



Sigríður Benediktsdóttir
framkvæmdastjóri